

Market ehf.
Smiðjuvegi 2
200 Kópavogi

Reykjavík 6. september 2021
UST202105-294/F.K.
07.05.02

Niðurstöður eftirlits í kjölfar ábendingar um vanmerkta efnavöru í Euro Market.

Umhverfisstofnun barst ábending um að efnavörur sem boðnar væru til sölu í Euro Market, Hamraborg 9 uppfylli ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 varðandi merkingar.

Um er að ræða eftirfarandi vörur sem Market ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á:

Vara	Strikamerki
Ariel all in 1 pods	8001090348906
Vizir – Alpejska swiezosc – Lepzy nix kiykowiek	4084500723009
Kret – zawiera acktywator alumniniowy - Granulki do udrozniania rur	5900931024708
Kret – likwiduje nieprzyjemne zapachy	5900931008982

Farið var í eftirlit í verslunina og eintak af vörunum tekið til skoðunar. Eftirlitið leiddi í ljós að umræddar vörur uppfylla ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og einnig uppfylla tvær varanna (Ariel all in 1 pods og Vizir – Alpejska swiezosc – Lepzy nix kiykowiek) ekki skilyrði reglugerðar um nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni varðandi merkingar.

Um kröfur til merkinga og frávik frá þeim sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til eftirlitsskýrslu sem er send til eftirlitsaðila með rafrænum hætti.

Umhverfisstofnun veitir Market ehf. frest til 20. september 2021 til að senda upplýsingar til staðfestingar flokkunar varanna og senda afrit af merkimiðum, uppfærðum með tilliti til varnaðarorðs, hættusetninga, og hættumerkja í samræmi við flokkun og tungumálakröfu með tilliti til merkinga skv. reglugerð nr. 415/2014 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni sbr. nánari útlistun í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málnúmerinu UST202105-294. Rafræn skjöl sendist á ust@ust.is.

Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á sölustað verði endurmerktar með rétttri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun veitir Market ehf. hér með frest til 20. sept nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13.gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 13. september nk. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 13. september 2021.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessa tilteknu vöru gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur, til að fá nánari upplýsingar um skyldubundnar merkingar í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið fifa.konradsdottir@ust.is.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>